

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 143/1629*  
*komudagur 16.4.2014*



# Öldrunarráð Íslands

DAS Hrafnista, Laugarási, 104 Reykjavík  
Sími: 585 9406 ■ [oldrunarrad@oldrunarrad.is](mailto:oldrunarrad@oldrunarrad.is)

Reykjavík, 16. apríl 2014.

Nefndasvið Alþingis

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012, þingskjal 697 – 378. mál.**

Stjórn Öldrunarráðs Íslands tekur undir þær breytingar á 26. grein laganna sem lagðar eru til í frumvarpinu.

Það er vel þekkt að fólk er misjafnlega vel á sig komið á ýmsum aldurskeiðum og dæmi eru um að fólk haldi fullu starfsþreki og andlegri getu langt fram yfir hefðbundinn eftirlaunaaldur. Með tilliti til þess hefur verið bent á það að ástæða væri til að hvetja fólk, sem hefði heilsu til, að vinna lengur en áður tíðkaðist.

Stjórn Öldrunarráðs tekur undir framangreind sjónarmið og mælir með samþykkt frumvarpsins.

Stjórn Öldrunarráðs Íslands